



# Framtíð fyrir brothættar byggðir

Byggðastofnun hefur frá árinu 2012 staðið fyrir verkefninu „Brothættar byggðir“ þar sem unnið er að bættri stöðu byggðarlaga í vanda með víðtæku samstarfi við íbúa, sveitarfélög, atvinnuþróunarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og fleiri aðila.

Meginmarkmið verkefnisins á hverjum stað eru skilgreind af verkefnisstjórn á grundvelli umræðna og forgangsröðunar á íbúapíngum sem ætlað er að virkja frumkvæði íbúa og samtakamátt. Nánari verkefnislýsingu má finna á vef Byggðastofnunar [www.byggdastofnun.is](http://www.byggdastofnun.is).

Verkefnið nær nú til Bíldudals í Vesturbyggð, Breiðdalshrepps, Raufarhafnar í Norðurþingi og Skaftárhrepps en svigrúm er til þess að færa verkefnið út til nokkurra fleiri byggðarlaga. Umsókn þarf að vera sameiginleg frá sveitarfélagi, landshlutasamtökum sveitarfélaga/atvinnuþróunarfélagi og íbúasamtökum, þar sem þau eru til staðar.

Umsóknum skal skila til Byggðastofnunar fyrir 15. maí næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður K. Þorgrímsdóttir, þróunarsviði Byggðastofnunar, s. 455 5400 og netfang, [sigga@byggdastofnun.is](mailto:sigga@byggdastofnun.is).



**BYGGÐASTOFNUN**

Sími 455 54 00

Fax 455 54 99

[postur@byggdastofnun.is](mailto:postur@byggdastofnun.is)

[byggdastofnun.is](http://byggdastofnun.is)